

HVAÐ  
ER AÐ  
GERAST  
UM

## LIST

Café Gestur:

### Tveir ungir myndlistarmenn

Tveir ungir myndlistarmenn, sem stunda nám í San Francisco, halda þessa dagana sýningu á Café Gestu á Laugavegi 28.

Eru þar á ferðinni Þormóður Karlsson, sem sýnir oluglerjaðar akrýlmyndir á flospappír, og Inga S. Friðjónsdóttir, sem sýnir litljósmyndir unnar eftir C-41 process á Kodacolor-pappír.

Sýningin stendur til 9. ágúst og eru öll verkin til sölu.

Skíðaskálinn í Hveradölum:

### Málverkasýning

Bjarni Jónsson, listmálari, sýnir olímálverk og vatnslitamyndir í nýja gróðurskálanum í Skíðaskálanum í Hveradölum. Sýningin er opin alla daga.

Selfoss:

### Sýning í Safnahúsinu

Í sýningarsalnum í Safnahúsinu á Selfossi stendur nú yfir sérsýning á 32 myndum, sem Listasafni Árnesinga hefur áskotnast á sl. árum. Annars er um að ræða verk sem keypt hafa verið, einkum af listamönnum sem sýnt hafa í salnum, og hins vegar verk sem safninu hafa verið færð að gjöf, ýmist frá listamönnum sjálfum eða öðrum velunnurum safnsins.

Sýningin, sem mun standa fram í miðjan ágúst, er opin daglega mánudag til föstudags frá klukkan 14.00 til 16.00 og um helgar frá klukkan 14.00 til 18.00. Aðgangur er ókeypis.

Hafnarborg:

### Fyrsta einkasýning Péturs Þórs

Pétur Þór Gunnarsson, myndlistarmaður, opnaði sýningu í Hafnar-

borg, menningar- og listastofnun Hafnarfjarðar, Strandgötu 34, Hafnarfirði, 27. júlí sl. og stendur sýningin til 11. ágúst.

Pétur Þór er nemandi við listaakademíuna á Fjöni (Det fynske kunstakademi) og hefur tekið þátt í nokkrum samsýningum þar ytra, en þetta er hans fyrsta einkasýning. Pétur Þór sýnir 55 myndir, aðallega pastel- og akrýlmyndir, sem flestar eru málaðar á þessu ári. M.a. eru nokkrar myndir frá Hvalstöðinni í Hvalfirði. Myndirnar eru allar til sölu.

Sýningin er opin frá klukkan 14.00 til 19.00 virka daga og klukkan 10.00 til 22.00 um helgar.

Eden:

### Gunnar I. Guðjónsson með málverkasýningu

Í Eden í Hveragerði stendur nú yfir málverkasýning á verkum Gunnars I. Guðjónssonar. Sýningin var opnuð 24. júlí og stendur yfir til 6. ágúst.

# Helgina?



Nýlistasafnið við Vatnsstíg.

Nýlistasafnið:

### Coos Overbeeke frá Hollandi

**SÝNING** á landslagsmálverkum eftir hollenska listamanninn **Coos Overbeeke** var opnuð 26. júlí og stendur til 4. ágúst í Nýlistasafninu við Vatnsstíg.

**Verkin, sem eru nokkuð aflöng eru öll máluð á þessu ári. Sýningin er opin virka daga frá klukkan 16.00 til 22.00 og frá 14.00 til 22.00 um helgar.**

A sýningunni eru landslagsmyndir og sitthvað fleira. Gunnar sýndi síðst árið 1981 í boði Menningarstofnunar Bandaríkjanna í húsakynnum þeirra við Neshaga.

Gunnar hefur tekið þátt í fjölda samsýninga og haldið einkasýningar víða um land.

Gallerí Borg:

### Sumarsýning

Í Gallerí Borg hefur verið opnuð sumarsýning. Þar eru til sýnis um 100 myndverk, grafíkmyndir, pastelmyndir, vatnslitamyndir og teikningar eftir alla helstu listamenn þjóðarinnar. Einnig eru til sýnis listmunir úr keramik og gleri.

Sýningin verður opin til ágústloka og mun taka einhverjum breytingum frá degi til dags.

Gallerí Borg verður lokað um helgar í ágúst, nema sérstakt samkomulag komi til við einstaklinga eða hópa.

Gallerí Salurinn

Nú stendur yfir sýning á teikningum aðstandenda gallerísins og ber hún yfirskriftina „Kynlíf íslenskra karlmannna“, þótt samhengið sé engan veginn ljóst.

Gallerí Salurinn er opið frá kl. 13.00 til 18.00 alla daga nema mánudaga. Á fimmtudögum er opið til kl. 22.00. Sýningunni lýkur 7. ágúst.

Ísafjörður:

### Sýning í Slunkaríki

Lára Gunnarsdóttir opnar sýningu í Slunkaríki á Ísafirði á morgun, laugardag. Á sýningunni eru 14 teikningar unnar með blýanti, litblýanti og kolum. Lára var við nám í Myndlista- og handfaskóla Íslands frá 1978—1983. Þessi sýning er fyrsta einkasýning Láru en hún hefur áður tekið þátt í nokkrum samsýningum.

Sýningin verður opin frá kl. 14.00

til 18.00 þriðjudaga til föstudaga og frá kl. 15.00 til 18.00 um helgar. Sýningunni lýkur 15. ágúst.

### Ferstikla, Hvalfirði

Ólafur Thorlacius opnar málverkasýningu í dag að veitingaskálanum Ferstiklu í Hvalfirði.

Hann sýnir þar vatnslitamyndir, sem eru landslagsmyndir frá Vesturlandi. Sýningin stendur í mánuð.

## SÖFN

Asgrímssafn:

### Sumarsýning

Sumarsýning Asgrímssafns stendur yfir til ágústloka. Á heimili listamannsins, á neðri hæð, eru sýnd eldri málverk listamannsins. Á efri hæðinni, í vinnustofu hans, eru sýnd yngri verk svo sem ollumálverk, teikningar og vatnslitamyndir.

Lögð hefur verið áhersla á að hafa sýninguna sem fjölbreytilegasta bæði hvað varðar myndefni og tækni. Safnið er opið alla daga nema laugardaga frá klukkan 13.30 til 16.00. Aðgangur er ókeypis.

Þjóðminjasafnið:

### Íslenskar hannyrðir í Bogasal

Nú stendur yfir í Bogasal Þjóðminjasafns Íslands sýning á verkum íslenskra hannyrðakvenna og nefnist hún „Með silfurbjarta náli“. Þar gefur að líta verk eftir rúmlega 40 konur sem uppi voru frá því á 12. öld og fram undir síðustu aldamót. Á sýningunni er leitast við að draga fram helstu einkenni hinnar íslensku út-saumshefðar. Mjög vegleg sýningarskrá hefur verið gefin út og er í henni meðal annars að finna ævi-ágríp allra þeirra kvenna sem verk eiga á sýningunni.

Sýningin er opin daglega frá klukkan 13.30 til 16.00 fram í október.

Árbæjarsafn:

### Sumarsýning

Sumarsýning Árbæjarsafns stendur nú yfir. Hér er um að ræða farandsýningu frá Þjóðminjasafni Grænlandinga í Nuuk. Sýndir eru grænlandsku bátarnir frá Quajaq og Umiaq.

Sýningin er opin á opnunartíma safnsins sem er frá klukkan 13.30 til 18.00 alla daga nema mánudaga.

Sædýrasafnið:

### Dýrin mín stór og smá

Sædýrasafnið verður opið um helgina, eins og alla daga, frá klukkan 10.00 til 19.00.


Meðal þess sem er til sýnis eru háhyrningar, ljón, ísbjörn, apar, kindur og fjöldi annarra dýra, stórra og smárra.

Listasafn Háskóla Íslands:

### Nútímaverk íslenskra listamanna

Listasafn Háskóla Íslands í Odda (nýbyggingu Háskólans beint upp af Norræna húsinu) sýnir 90 verk úr safni sínu. Um er að ræða úrval af nútímaverkum safnsins, sem öll eru eftir íslenska listamenn.

Sýningin er opin daglega frá klukkan 13.30 til 17.00. Aðgangur



Ásmundarsafn

Ásmundarsafn:

### Konan í list Ásmundar

**NÚ stendur yfir í Ásmundarsafni við Sigtún sýning sem nefnist „Konan í list Ásmundar Sveinssonar“. Er hér um að ræða myndefni sem tekur yfir mest allan listferil Ásmundar og birtist í fjölbreytilegum útfærslum.**

**Sýningunni, sem stendur til næsta vors, er skipt í fjórar einingar sem sýndar eru í fjórum söllum safnsins: Kona og karl niðri í kúlunni, Kona við vinnu í Pýramídunum og Kona sem tákn í Skemmuni.**

**Safnið er opið alla daga frá klukkan 10.00 til 17.00.**